

ber að dæma stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 7.500.00.

Sigurgeir Jónsson bæjarfógeti kvað upp dóm þennan ásamt samdómendunum Þorsteini Loftssyni vélfræðiráðunaut og Jóhannesi Zoëga forstjóra.

Dómsorð:

Stefndi, Hraðfrystihúsið Ís h/f í Kópavogi, greiði stefnanda, Sigurði Gunnlaugssyni fyrir hönd ólögráða dóttur hans, Guðrúnar Valgerðar, kr. 61.511.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1960 til greiðsludags og kr. 7.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. júní 1962.

Nr. 204/1960. **Dánarbú Jens Árnasonar**

(Hallgrímur Dalberg hdl.)

gegn

Axel Björnssyni (Lúðvík Gizurarson hdl.).

Dómendur:

hæstaréttardómaramirnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tyggvason, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1960. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að bætur til handa stefnda verði ekki ákveðnar hærri en kr. 18.180.00 og málskostnaður þá felldur niður í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Ný málsgögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti.

Munir þeir, sem Jens Árnason flutti á verkstæði sitt árið 1955 og stefndi krefst bóta fyrir, hafa eftir uppsögu héraðsdóms verið metnir yfirmati af þremur dómkvöddum mönnum, þeim Bjarna Kristjánssyni vélaverkfræðingi, Páli Lúðvíkssyni vélaverkfræðingi og Sigurði Sveinbjörnssyni vélaverkstæðisforstjóra. Í matsgerð, dags. 28. maí 1962, meta þeir, að verðgildi munanna til sölu hafi árið 1955 verið sem hér segir:

1. 2 járngeymar með rörum í (absorbers)	kr. 12.000.00
2. 2 járngeymar með rörum í (eimar) ...	— 880.00
3. 2 tvöfaldir ammoníakþéttar	— 4.300.00
4. 2 rör, 6 þumlunga	— 1.000.00

Samtals kr. 18.180.00

Yfirmatsmennirnir telja, að enginn þessara muna hafi verið nothæfur árið 1955 eftir upphaflegu hlutverki sínu, þ. e. í frystikerfi. Járngeymana, sem getið er í 1. tölulið, hefði mátt nota, að undangenginni breytingu, sem forhitara fyrir hitaveituvatn í hitakerfi. Járngeyma þá, sem greinir í 2. tölulið, telja yfirmatsmenn ekki hafa verið nothæfa til neins, nema ef til vill sem oliugeyma, og þá að undangenginni breytingu. Hafi geymar þessir því aðeins verið metnir sem efni. Loks hafi munir þeir, sem greinir í 3. og 4. tölulið, einungis verið nothæfir sem efni og metnir þannig.

Eins og rakið er í héraðsdómi, hafði stefndi, Axel Björnsson, flutt muni þessa árið 1951 á erfðafestuland Þórðar hreppstjóra Þorsteinssonar við Kársnesbraut í Kópavogi og komið þeim fyrir utanhúss við herskála, sem Olíusalan h/f hafði þá umráð yfir, en félag þetta hafði leyft stefnda að geyma muni í skálanum.

Samkvæmt skýrslu Þórðar Þorsteinssonar, sem var hreppstjóri Kópavogshrepps á þeim tíma, sem hér skiptir máli, var greindur herskáli í herskalahverfi, sem þarna hafði verið frá því á styrjaldarárunum. Kveður hann, að árið 1953 hafi sumir skálarnir verið orðnir úr sér gengnir og hætta verið farin að stafa af þeim. Hafi því nauðsyn borið til að fjar-

lægja þá. Í Hæstarétti hafa komið fram gögn um það, að með auglýsingu, dags. 27. marz 1953, sem birt var í tveimur dagblöðum í Reykjavík, skoraði sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu á eigendur herskála þessara að hafa samband við skrifstofu embættisins fyrir lok mánaðarins, ella mættu þeir búast við því, að skálarnir yrðu rifnir án frekari viðvörunar. Eftir þetta kveðst Þórður Þorsteinsson hafa leyft hverjum, sem þess óskaði, að flytja brott herskála án nokkurrar greiðslu, enda hafi hann talið, að ekki svaraði kostnaði að kaupa vinnu til niðurrifs þeirra og brottflutnings.

Þá hefur Þórður Þorsteinsson lýst því, að vorið 1955 hafi Jens Árnason og spurzt fyrir um muni þá, sem um ræðir í máli þessu. Kveðst Þórður þá ekki hafa vitað um, að stefndi hafði flutt munina inn á herskálavæðið, enda hafi sér aldrei verið gert viðvart um það. Hafi hann álitid muni þessa vera umhirðulaust góz frá styrjaldarárunum, sem hinn erlendi her hafi skilið eftir, þegar hann hvarf úr herskálunum. Af þessum sökum og með stoð í fyrrgreindri auglýsingu sýslumanns hafi hann leyft Jens að flytja burt munina, án þess að nokkur greiðsla kæmi fyrir.

Jens Árnason lýsti því fyrir dómi, að hann hefði álitid umrædda muni vera hergóz frá styrjaldarárunum. Auðsætt hafi verið, að þeir hafi legið þarna mjög lengi, enda að nokkru leyti sokknir í for. Kvaðst hann hafa talið sér heimilt að hirða munina, þar sem hann hafði til þess leyfi hreppstjóra.

Seint í júlímánuði 1955 kom stefndi á verkstæði Jens Árnasonar og fékk vitneskju um flutning munanna þangað. Samkvæmt skýrslu Jens fyrir dómi hafði hann þá breytt í oliugeyma járngeymum þeim, sem getið var í 1. tölulið yfirmatsgerðar, og látið þá af hendi til notkunar við oliukyndingu í tilteknu húsi. Einnig kvaðst hann hafa verið búinn að nota eitthvað af rörunum sem smíðajárn. Hins vegar virðast þá hafa verið á verkstæðinu járngeymar þeir (eimar) og ammoníakspéttar, sem getið er í 2. og 3. tölulið yfirmatsgerðar, og auk þess eitthvað af lausum rörunum.

Voru munir þessir enn fyrir hendi, þegar yfirmatið fór fram. Hefur Jens og síðar dánarbrú hans neitað að afhenda stefnda muni þessa nema gegn greiðslu kostnaðar af flutningi þeirra.

Ekki verður talið, að stefndi hafi verið búinn að gefa upp eignarrétt sinn á mununum, þannig að hverjum, sem vildi, væri heimilt að hirða þá sér til eignar. Þá er og ljóst, að leyfi hreppstjóra Kópavogshrepps stafaði af villu hans um eignarrétt að mununum, og jafnvel þótt hann hefði mátt líta á þá sem óskilamuni, fór ráðstöfun hans á þeim ekki fram með þeim hætti, að fellt gæti niður eignarrétt stefnda. En eins og ástandi munanna og geymslu var hátt- að og þar sem Jens Árnason fékk leyfi hreppstjóra til að hirða þá, má telja, að Jens hafi verið grandlaus um heimild sína til hagnýtingar þeirra, unz honum var kunnugt um eigandann. Ekki verður leyfi hreppstjóra þó jafnað til afsalsgernings.

Um skil á mununum í heild í hendur stefnda gat ekki verið að ræða, þar sem Jens hafði þegar hagnýtt sér nokkurn hluta þeirra. En auk þess neitaði hann að afhenda muni þá, sem fyrir hendi voru, nema með skilyrðum, sem stefndi þurfti ekki að ganga að. Ber áfrýjanda samkvæmt þessu að greiða stefnda bæt看. Ekkert liggur fyrir í málinu um það, hver hafi orðið hagnaður Jens af munum þeim, sem hann hafði fargað eða hagnýtt sér með öðrum hætti, og þykir rétt um þá að leggja til grundvallar bótum áætlað söluverð þeirra árið 1955 samkvæmt yfirmatsgerðinni. Að því er tekur til annarra muna, sem neitað hefur verið að afhenda stefnda nema með óheimilum skilyrðum, ber áfrýjanda að greiða bæt看, miðað við áætlað söluverð þeirra nú, en vegna breytts verðlags má ætla, að verðgildi munanna hafi aukizt frá því á árinu 1955. Þykja bæt看 eftir málavöxtum hæfilega ákveðnar kr. 22.000.00. Stefndi hefur krafizt 6% ársvaxta af dæmdri fjárhæð, og telst rétt að dæma honum þá frá stefnudegi, 16. maí 1957.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals kr. 9000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, dánarbú Jens Árnasonar, greiði stefnda, Axel Björnssyni, kr. 22.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 16. maí 1957 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 9000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. október 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 30. september, er höfðað með stefnu, birtri 20. maí 1957, af Axel Björnssyni, Framnesvegi 8 A, Reykjavík, gegn Jens Árnasyni vélsmið, Spítalastíg 6, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 37.500.00 með 7% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

Við munnlegan málflutning lækkaði stefnandi vaxtakröfu sína í 6% ársvexti.

Stefndi, Jens Árnason, lézt 2. september 1959, og hefur dánarbú hans tekið við málinu.

Upphaflega var af hálfu stefnda krafizt frávísunar, en þeirri kröfu var hrundið með úrskurði 2. janúar 1958. Við munnlegan flutning málsins voru af hálfu stefnda eftirtaldar kröfur gerðar: *Aðallega* krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu og málskostnaðar, sem miðaður væri við stefnukröfu samkvæmt texta L.M.F.Í. *Til vara:* að stefnanda verði dæmdur réttur til að hirða umrædda muni, sem eftir eru á lóð stefnda, þeirra, sem stefndi Jens Árnason tók í Kópavogi árið 1955, stefndi verði sýknaður af öllum fjárkröfum og honum dæmdur málskostnaður samkvæmt texta. *Til þrautavara:* að stefndi verði sýknaður að svo stöddu, en málskostnaður dæmdur samkvæmt texta. Er aðal- og varakrafa samhljóða efnislega vara- og þrautavarakröfu stefnda í greinargerð, sem lögð var fram 4. júní 1957, en núverandi þrautavarakrafa hefur ekki komið fram áður.

Samkomulag er með aðiljum um að ganga framhjá sáttanefnd.

Málavextir eru sem hér greinir:

Þann 30. júlí 1951 keypti stefnandi frystikerfi af h/f Skálafelli í Hveragerði, og var það í mörgum hlutum. Síðar þetta sama ár lét stefnandi flytja það í geymsluhús, sem Olíusalan h/f hafði á leigu í Kópavogi, en stefnandi hafði fengið leyfi forráða-

manna hennar til þess að geyma frystikerfið þar. Þeir hlutar kerfisins, sem voru svo stórir, að þeir komust ekki inn í geymsluhúsið, voru látnir við dyr þess. Munir þessir lágu nú þarna við húsið til ársins 1955. Í maí eða júnímánuði það ár fór Jens Árnason til Þórðar Þorsteinssonar, sem um þær mundir var hreppstjóri Kópavogshrepps, og spurðist fyrir um það, hver hefði ráð á munum þessum. Kvað Þórður sér vera ókunnugt um það, en heimilaði Jens að hirða þá af þeim, sem hann kysi.

Þórður Þorsteinsson hefur komið fyrir dóm og gert grein fyrir afstöðu sinni. Skýrði hann svo frá, að honum hefði verið ókunnugt um, hver væri eigandi muna þessara, en helzt talið, að þeir hefðu verið eign setuliðsins á stríðsárunum, eins og hermanna-skálarnir, og legið þarna síðan. Sjálfur hefði hann í erfðafestu landið, sem skálarnir voru reistir á, og síðari eigendur þeirra hefðu greitt sér leigu fyrir landrými það, sem þeir tóku. Einnhvern tíma um það bil árið 1953 hefði hreppsnefnd Kópavogshrepps samþykkt, að skálar þessir skyldu rifnir og fjarlægðir svo og allt sem þeim fylgdi. Samþykkt þessa hefði sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu auglýst, og eigendum þar gert að fjarlægja muni þessa innan ákveðins frests, ella yrði það gert á þeirra kostnað. Eftir þetta hefðu nokkrir skálar verið fjarlægðir, en margir þó verið eftir. Ári síðar kvaðst Þórður Þorsteinsson hafa ákveðið í samráði við Kristín Ólafsson, sýslumannsfulltrúa í Hafnarfirði, að fá menn til að fjarlægja skálana og það, sem í þeim væri, gegn því, að þeim yrði heimilað að hirða það, sem nýtilegt teldist. Á þessum forsendum hefði hann leyft Jens Árnasyni að hirða umrædda muni, og ekki hefði komið til mála að taka af honum greiðslu fremur en öðrum.

Jens Árnason hefur einnig komið fyrir dóm og skýrt svo frá, að hann hafi komið til Þórðar Þorsteinssonar og spurzt fyrir um muni þessa. Hefði Þórður þá svarað, að hann mætti hirða „þetta drasl“, ef hann vildi. Munir þessir hefðu augljóslega legið lengi, þar sem þeir voru, og verið að miklu leyti sokknir í for. Hann kvaðst telja, að munirnir hefðu ekki verið nothæfir til neins nema sem brotajárn.

Um mánaðamótin júlí—ágúst 1955 kom stefnandi í verkstaði Jens Árnasonar og sá þar muni þessa. Skýrði Jens honum svo frá, að hann hefði hirt þá samkvæmt leyfi Þórðar Þorsteinssonar. Gerði hann stefnanda þá kosti að taka muni þá, sem enn voru til, gegn því að greiða kostnað við björgun þeirra.

Þegar stefnandi hafði orðið þessa áskynja, kærði hann málið

til sakadómara með bréfi, dags. 11. ágúst 1955, og gáfu aðiljar skýrslur fyrir sakadómi Reykjavíkur 12. og 16. ágúst. Með bréfi, dags. 25. ágúst 1955, tilkynnti sakadómari Jens Árnasyni, að Dómsmálaráðuneytið sæi ekki ástæðu til aðgerða í máli þessu. Var því næst mál þetta höfðað, svo sem að framan greinir.

Af hálfu stefnanda hefur því verið haldið fram, að hann hafi haft heimild Olíusölunnar h/f til þess að geyma umrædda muni, þar sem þeir voru, þegar þeir voru teknir. Hafi sú heimild ekki verið bundin við ákveðinn tíma og ekki hafi Þórður Þorsteinsson amazt við geymslu munanna. Hefur það eindregið verið vefengt, að hreppsnefnd Kópavogshrepps hafi gert nokkra samþykkt um að fjarlægja munina, eins og Þórður Þorsteinsson hefur haldið fram, hvað þá, að auglýsing hafi birzt þar að lútandi eða stefnandi hafi fengið tilkynningu um að fjarlægja þá. Ef litið hefði verið á muni þessa sem óskilamuni, hefði hreppstjóri átt að setja þá á uppboð að undangenginni auglýsingu og selja þá þannig.

Stefnandi hefur og haldið því fram, að umræddir hlutir hafi ekki verið sokknir í aur eða ryðgaðir, enda hafi stefnandi burstað og málað þá af hlutum þessum, sem hann hafi talið þurfa, sumarið 1954.

Þá heldur stefnandi því fram, að um magn munanna og verðmæti verði að leggja til grundvallar skýrslu sína, enda hafi Jens Árnason gert sér ókleift að láta meta þetta með hagnýtingu sinni og ráðstöfun á mestu af mununum. Beri því að leggja til grundvallar matsgerð þeirra Benedikts B. Sigurðssonar og Björns Jónssonar, sem dagsett sé 20. janúar og fyrir liggi í málinu, enda sé hún eftir atvikum óaðfinnanleg. Sé og á það að líta, að matsfjárhæðin sé allmiklu hærri en dómkrafa stefnanda.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að huglæg skilyrði, ásetning eða gáleysi, skorti til þess, að um skaðabótaskyldu geti verið að ræða. Jens Árnason hafi tekið muni þessa fullkomlega í góðri trú um, að Þórði hreppstjóra Þorsteinssyni væri heimilt að ráðstafa þeim. Sé um einhverja bótaskyldu að ræða, beri að beina bótakröfu að þeim, sem ráðstafa mununum, þ. e. gegn Kópavogshreppi eða kaupstað, þar sem Þórður Þorsteinsson, hreppstjóri og fyrrverandi hreppsnefndarmaður, hafi gert ráðstöfun þessa fyrir hreppinn og með hans samþykki.

Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á, hversu mikið tjón hann hafi beðið. Matsmenn hafi ekki skoðað munina, enda hafi einungis lítill hluti þeirra verið til, þegar mat fór fram. Ekki sé

heldur hægt að sjá það af matsgerðinni, hvers virði hver einstakur hlutur er talinn. Ef hins vegar meta ætti hlutina sem brotajárn, sé þyngd þeirra ekki upplýst og ekki heldur verð járnins.

Um magn munanna hefur stefndi haldið fram, að leggja beri til grundvallar það, sem Jens Árnason hafi viðurkennt að hafa tekið, enda sé ósannað, að hann hafi tekið meira.

Leitt hefur verið í ljós, að Olíusalan h/f hafi heimilað stefnanda að geyma umrædda muni í geymsluskálum hennar við Kársnesbraut í Kópavogi um óákveðinn tíma. Stefnandi lét að vísu ekki munina alla inn í skálana, heldur nokkra þeirra fyrir utan, sem ekki komust inn í skálana. Ekki verður séð, að neinn hafi amazt við því, að þessi háttur var á hafður, svo að ekki verður talið, að stefnanda hafi skort heimild til geymslunnar.

Eins og áður segir, kveðst Þórður Þorsteinsson hafa litið svo á, sem hér væri um að ræða eigendalausna muni. Í Jónsbók þb. 14 segir, að finnandi skuli lýsa fundi fyrir mönnum, en í því felst, að hann skuli auglýsa hið fundna með þeim hætti, sem tíðkast á hverjum tíma. Hins vegar er ekki til ákvæði, sem lýtur beint að yfirgefnum hlutum, res derelictae. Einsætt virðist þó, að sömu reglu beri að beita um res derelictae og fundið fé að þessu leyti. Enda þótt Þórður Þorsteinsson hafi haldið því fram, að hreppsnefndarsamþykkt hafi legið fyrir um það, að skálar skyldu rifnir og það fjarlæggt, sem þeim fylgdi, hefur lögmaður stefnda þrátt fyrir gefið tilefni ekki lagt fram nein gögn um samþykkt þessa né heldur sýnt fram á, að auglýsing hafi birzt um þetta efni. Verður því að líta svo á, að frásögn Þórðar Þorsteinssonar um þetta atriði sé ósönnuð. Þegar af þessari ástæðu verður að telja, að sú ráðstöfun Þórðar Þorsteinssonar, að leyfa Jens Árnasyni að hirða umrædda muni, hafi verið með öllu óheimil og engan rétt aflað honum eða dánarbúi hans, enda þótt hann hafi verið grandlaus.

Stefnandi hefur gert svofellda grein fyrir því, hvaða muni Jens Árnason hafi tekið:

1. 2 stykki járngeymar með innri botnum, sem rafsoðnir voru í. Þar utan yfir komu kúptir botnar, sem voru skrúfaðir á geymana með boltum.

Innan í hvorum geymi voru rör, 90 að tölu, 1¼ þumlungur að vidd, 195 cm á lengd.

Þannig voru, eins og sjá má, 350 metrar í báðum geym-

unum. Þar að auki voru á geymum þessum rör og flansar, sem tilheyrðu tengingu þeirra við kerfi það, sem þeir voru frá.

2. 2 stykki járngeymar með kúptum botnum. Í hvorum þeirra 18 rör, $1\frac{1}{4}$ þumlungs víð, 1.2 metra löng, eða samanlagt í báðum geymunum 43.40 metrar. Auk þess voru rör og flansar á þessum geymum tilheyrandi tengingum við kerfi það, sem þeir tilheyrðu.
3. 2 stk. tvöfaldir ammoníakpéttar. Það eru 4 rör, hvert þeirra 6 þumlunga vítt, 4.05 m á lengd, 16.20 metrar samanlagt. Innan í hverju þessara röra voru 7 rör, $1\frac{1}{4}$ þumlungs víð, 4.05 metra löng, 113.4 metrar samanlagt. 6 þumlunga rörin voru með botnum og tengistykkjum.
4. 2 stk. rör, 6 þumlunga víð, 4.05 m löng, 8.10 m á lengd samanlagt.

Stefndi hefur sjálfur viðurkennt að hafa tekið fjóra járntanka og „eitthvað af rörum, sennilega þeim tilheyrandi“. Þórður Þorsteinsson, sem gekk á staðinn ásamt Jens Árnasyni, hefur borið fyrir dómi, að munirnir „hafi verið 4 dunkar, misstórir, sívalir, 2 víð rör, ca. 6—7 tommur á vídd, ekki mjög löng, ca 1—2 metrar, að vitnið minnir, svo og 3 eða 4 önnur rör, mjórri, en svipuð á lengd Þó vill vitnið ekki fortaka, að eitthvað annað hafi verið grafið í aurinn“. Vitnið Heiðmundur Ottósson bar hins vegar, að þarna „hafi legið ýmis rör með ásoðnum flönsum ásamt hylkjum“.

Þar sem skýrsla stefnanda hefur verulega stoð í framburðum þeim, sem raktir hafa verið, þykir mega leggja hana til grundvallar um það, hvaða muni Jens Árnason hafi hirt. Ber og á það að líta, að Jens Árnason hefur með síðari aðgerðum sínum komið í veg fyrir, að hægt hafi verið að ganga sérstaklega úr skugga um þetta.

Um verðmæti muna þessara hafa dómkvaddir matsmenn, þeir Benedikt B. Sigurðsson vélfræðingur og Björn Jónsson verkstjóri í Landssmiðjunni, látið uppi það álit, að það næmi kr. 58.500.00. Í matsgerðinni, sem dagsett er 20. janúar 1959, segir: „Við höfum farið að Spítalastíg 6 til hr. Jens Árnasonar og skoðað þá hluti úr frystikerfinu, sem enn eru í vörzlu hans. Hitt höfum við metið samkvæmt teikningu og lýsingu.“ Einnig er þar tekið fram, að miðað sé við verðlag á vinnu og efni í ágúst 1955. Matsmenn hafa komið fyrir dóm og skýrt nánar frá, með hverjum hætti matið hafi farið fram. Annar þeirra

kvað þá einungis hafa séð og gefizt kostur á að skoða einn eimsvala (járngeymi). Hinn skýrði aftur svo frá, að þeir hefðu séð tvo eimsvala, og einnig hefði hann séð rör, sem Jens Árnason hefði sagt, að væri úr einum eimsvalanna. Hefði hann skoðað annan eimsvalann, sem þeir sáu. Báðir hafa matsmenn skýrt svo frá, að matið sé miðað við, að hægt sé að nota hlutina til þess, sem þeir séu ætlaðir. Þeir hlutir, sem úreltir teljast að mestu, séu metnir á hálfvirði. Ekki hafi verið um neina tæringu eða ryð að ræða í þeim hlut, sem þeir skoðuðu. Í matinu sé ekki gert ráð fyrir neinni rýrnun vegna aldurs eða notkunar.

Í máli þessu liggur einnig fyrir álitssgerð Gunnars Ólafssonar iðnfræðings og Jóns Oddssonar, verkstjóra í vélsmiðjunni Héðni, dagsett 20. október 1959, samin að beiðni lögmanns stefnda. Kveðast þeir hafa skoðað tvo geyma í porti hjá Jens Árnasyni, og niðurstaða þeirra sé sú, að geymarnir séu ekki nýtanlegir nema sem brotajárn. Samkvæmt ásigkomulagi þeirra, eins og þeir séu í dag, telji þeir útilokað að nota þá í frystikerfi, þar sem kostnaðar vegna sé ekki hægt að hreinsa þá nægilega vel, eins og smíði þeirra sé háttað. Ekki svari kostnaði að breyta þeim í olíugeyma eða þ.u.l. Þó vilja þeir taka fram, að ekki sé útilokað að nota geymana í einhverju sérstöku tilfelli án þess að breyta þeim. Fyrir dómi hafa menn þessir borið, að enginn hafi verið viðstaddur af hálfu aðilja, þegar skoðun þeirra fór fram. Framburðir vitna þessara svo og matsmanna hafa verið teknir gildir sem staðfestir.

Af matsgerðinni frá 20. janúar 1959, sem áður getur, verður ekki séð, hvenær mat fór fram, og ekki er þar tekið fram, að aðiljar hafi verið boðaðir til að vera viðstaddir. Á hinn bóginn má ráða það af framburði annars matsmanna, að Jens Árnason hafi verið viðstaddur, svo sem áður er rakið. Þá er ekki sundurliðað nema að óverulegu leyti verðmæti einstakra muna og ósannað, að matsmenn hafi skoðað nema einn geymi, enda þótt kostur hafi verið að skoða fleiri hluti. Það er hins vegar álit hinna sérfróðu meðdómenda, að ekkert sé við umrætt mat að athuga frá tæknilegu sjónarmiði og verðmæti muna þessara ekki of hátt metið. Telja þeir, að sá háttur, sem hafður var á geymslu munanna, hafi ekki átt að valda neinni eyðileggingu á þeim. Hefðu munir þessir rýrnað meira, ef þeir hefðu verið í notkun tímabil það, sem þeir lágu við skálana. Ekki hefði það skipt máli, þótt einhver óhreinindi hefðu komizt innan í tæki þessi, því að auðvelt væri að hreinsa þau burtu.

Svo sem nú hefur greint verið, verður ekki talið, að sá háttur, sem hafður var á um geymslu munanna, hafi valdið á þeim eyðileggingu eða verulegri rýrnun. Þykir því mega fallast á niðurstöðu matsgerðarinnar þrátt fyrir formlega galla á henni og þrátt fyrir það, sem fram hefur komið frá Gunnari Ólafssyni og Jóni Oddssyni. Hér ber einnig að hafa í huga, að Jens Árnason hefur með aðgerðum sínum valdið því, að allir hlutirnir urðu ekki metnir, og ekki hefur af hálfu stefnda verið farið fram á yfirmat.

Í matinu er ekki gert ráð fyrir neinni rýrnun, en gera má ráð fyrir, að munirnir hafi rýrnað eitthvað við að vera geymdir, eins og raun ber vitni. Þegar hins vegar á það er litið, að stefnufjárhæðin er allmiklu lægri en matsfjárhæðin, þykir nægilega tekið tillit til hugsanlegrar rýrnunar. Ber samkvæmt þessu að taka kröfu stefnanda til greina að fullu.

Þá þykir hæfilegt, að stefndi greiði stefnanda kr. 5.000.00 í málskostnað.

Sigurður Línadal, fulltrúi borgardómara, hefur kveðið upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Gísla Hermannssyni verkfræðingi og Pétri Pálssyni verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, dánarbú Jens Árnasonar, greiði stefnanda, Axel Björnssyni, kr. 37.500.00 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1955 til greiðsludags og kr. 5.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
